

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hornafjarðarhafnar, nr. 323/2019.

1. gr.

e-liður undir 6.2 í 6. gr. gjaldskrárinnar orðast svo:

Förgunargjald: Við komu til hafnar skulu öll skip sem falla undir 11. gr. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004, greiða förgunargjald óháð því hvort þau skila úrgangi í land. Óski skipstjóri eða eigandi skips eftir að tekið verði á móti úrgangi frá skipinu skal hann hafa samband við viðurkenndan móttökuaðila skv. ábendingu hafnarinnar eða óska eftir því að höfnin annist móttöku á úrganginum. Lágmarksgjald hafnar fyrir móttöku á úrgangi er kr. 12.000 á hvern rúmmetra og lágmarksmagn einn rúmmetri. Kjósi skipstjóri eða eigandi skips að óska eftir þjónustu viðurkennds aðila þá greiðir hann kostnað við þá þjónustu. Skipstjóri og/eða eigandi skips ber ábyrgð á að útfylltu eyðublaði um magn og tegund sorps sé skilað til hafnarinnar, en misbrestur á því getur leitt til tilkynningar til Umhverfisstofnunar.

2. gr.

Auglýsing þessi um breytingu á gjaldskrá Hornafjarðarhafnar er sett skv. heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003 og öðlast þegar gildi.

Sveitarfélaginu Hornafirði, 15. ágúst 2019.

Vignir Júlíusson forstöðumaður Hornafjarðarhafnar.

B-deild – Útgáfud.: 29. ágúst 2019